

VINNUBLAÐ 2

SKIPULAG, AÐALPERSÓNA, SKRÍMSLI, STAÐSETNING OG LÍNUR

NÚ EIGIÐ ÞIÐ AÐ FARA SKIPULEGGJA YKKAR EIGIÐ ATRIÐI FYRIR HRYLLINGSMYNDINA.

- Þið eigið að þróa aðalpersónu og eitt skrímsli.
- Svo eigið þið að finna staðsetningu, þ.e. stað þar sem þið takið upp atriðið.

Aðalpersónan í atriðinu er mjög mikilvæg.

Hver er það sem upplifir allt þetta óhugnanlega í hryllingsmyndinni ykkar? Hvernig lítur aðalpersónan út? Aldur, kyn, fatastíll? Hvers konar persónuleika hefur aðalpersónan?

Er þetta persóna sem fær alltaf svima í hættulegum aðstæðum?

Er þetta persóna sem talar hátt við sjálfa sig, öskrar og notar röddina mikið til að tjá sig?

Er þetta persóna sem verður reið og öskrar í óhugnanlegum aðstæðum?

Notið stikkorð til að skrifa lýsingu á aðalpersónunni. Málnotkun og orðaforði eru mikilvæg fyrir atriðið.

LÍNURNAR EIGA AÐ INNIHALDA:

- Dæmigerð orð sem aðalpersónan myndi nota.
- Dæmigerð orð eða setningar sem aðalpersónan myndi nota í ógnvekjandi aðstæðum.
- Öskur eða hróp aðalpersónunnar.

Finnið góða staðsetningu. Staðsetning er staður.

1. Finnið stað þar sem bæði er ljós og skuggi.
2. Finnið stað þar sem aðalpersónan getur verið ein í mynd.
3. Íhugið hvernig þið getið skapað eins skelfilegt andrúmsloft og mögulegt er þegar aðalpersónan mætir skrímslinu á þessum stað. Er til dæmis krani sem lekur fyrir ofan fötu sem þið getið klippt yfir í?

Gangi ykkur vel





ÁBENDINGAR OG HUGMYNDIR AÐALPERSÓNA

Þið eigið að búa til aðalpersónu.

- Hver er það sem upplifir allt þetta óhugnanlega í hryllingsmyndinni ykkar?
- Hvernig lítur aðalpersónan út? Aldur, kyn, fatastill?
- Hvers konar persónuleika hefur aðalpersónan?
- Er þetta persóna sem fær alltaf svima í hættulegum aðstæðum?
- Er þetta persóna sem talar hátt við sjálfa sig, öskrar og notar röddina mikið til að tjá sig?
- Er þetta persóna sem verður reið og öskrar í óhugnanlegum aðstæðum?
- Eða er hún allt öðruvísi?

MUNIÐ að það er einn af ykkur sem á að leika hlutverkið. Þið þurfið því að vera viss um að eitthvert ykkar geti gert það.

Skrifið niður lýsingu á hlutverkinu.



ÁBENDINGAR OG HUGMYNDIR SKRÍMSLI

Í hryllingsmyndum er alltaf skrímsli eða mjög grunsamleg persóna. Þið eigið að finna upp á hrollvekjandi skrímsli fyrir myndina. Notið goðafræði, gamlar sögur og þjóðsögur frá ykkar landi sem innblástur.

1. Lesið ykkur til um mismunandi skrímsli og persónur frá ykkar landi. Eru þetta gamlar sögur um óhugnanlega menn í mýrinni, snjóskrímsli eða undarlegar fölar dömur á háaloftinu?
2. Notið það sem þið hafið lesið til að búa til ykkar eigið skrímsli.
3. Notið eftirfarandi spurningar til að skrifa stutta lýsingu:
 - Hvaðan kemur hugmyndin að þessu skrímsli? Hvað heitir skrímslið?
 - Hvernig hreyfir skrímslið sig? Hvað getur/gerir skrímslið?
 - Hvernig vitum við að skrímslið er að nálgast?
4. Teiknið mynd af skrímslinu.
5. Búið til hljóð eða línu fyrir skrímslið.